

L Ö G

4

1. apríl

um framlenging á gildi laga nr. 49, 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 49, 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, framlengist til 1. júlí 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. apríl 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

5

14. apríl

um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátæigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

5. gr. laga nr. 99 3. maí 1935 orðist þannig:

Lán úr skuldaskilasjóði skulu veitt eigendum vélbáta ekki stærri en 60 smálestu, og skal lánunum varið til þess að ná samningum um nauðsynlegar eftirgjafir skulda og hagkvæmar breytingar á lánskjörum. Ennfremur má veita eigendum línuveiðagufuskipa lán í sama skyni, þó svo, að hin samanlagða lánsupphæð til eigenda línuveiðagufuskipa fari ekki fram úr 250000 krónum. Lánin skulu veitt með þeim skilyrðum og eftir þeim reglum, sem í lögum þessum greinir.

5 Því fé, sem eftir verður í sjóðnum, þegar lánveitingum úr honum, samkvæmt
14. apríl 1. málsgr. þessarar greinar og 1. málsgr. 10. gr. laganna, er lokið, skal varið til lánveitinga til þeirra vélbátaeigenda, sem ekki hafa áður fengið lán úr sjóðnum. Lán þessi skulu veitt með sömu skilyrðum og eftir sömu reglum sem í lögnum greinir. Skal veittur hæfilegur frestur til umsókna um lán þessi.

Lánveitingum samkv. þessari grein skal lokið 30. sept. 1937, og skal stjórn sjóðsins, sem skipuð var samkv. ákvæðum 10. gr. laganna, halda áfram störfum til þess tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 14. apríl 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

6

20. apríl

ÓPIÐ BRÉF

um að Alþingi, sem nú er, sé rofið.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að forsætisráðherra af hálfu ráðuneytis Vars þegnlega hefir borið upp fyrir Oss tillögu um að rjúfa Alþingi það, sem nú er, og þar sem Vér höfum í dag allramildilegast fallizt á tillögu þessa, þá bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Alþingi, sem nú er, er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 20. apríl 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.